# Þriðjudagur 10. október



SJÓNVARPIÐ

17.00 **Fræðsluvarp.** 1. Börn í Nepal. Fræðslumynd um líf og störf barna í. fjallaþorpi í Nepal. 25 mín. 2. Hvað eigum við að gera við hana Sif litlu? Foreldrar Sifjar hafa lítinn tíma til að sinna henni og gefa henni því gjafir.
17.50 **Múmíndalurinn.** (Mumindalen). Finnskur teiknimyndaflokkur. Þýðandi Kristín Mäntylä. Sögumaður Helga Jónsdóttir. (Nordvision – Finnska sjónvarpið).
18.05 **Kalli kanína**
18.15 **Sögusyrpan** (Kaboodle). Breskur barnamyndaflokkur. Þýðandi Guðni Kolbeinsson. Sögumenn Helga Sigríður Harðardóttir og Hilmir Snær Guðnason.
18.50 **Táknmálsfréttir.**
18.55 **Fagri-Blakkur** (Black Beauty). Breskur framhaldsmyndaflokkur. Þýðandi Jóhanna Jóhannsdóttir.
19.20 **Barði Hamar.** (Sledgehammer). Bandarískur gamanmyndaflokkur. Þýðandi Guðni Kolbeinsson.
19.50 **Tommi og Jenni.**
20.00 **Fréttir og veður.**
20.35 **Kvikmyndahátíð 1989.**
20.45 **Þorp, fjörður og fimm kvæði.** Mynd gerð á Patreksfirði felld að kvæðum úr „Þorpinu" eftir Jón úr Vör. Umsjón Hinrik Bjarnason. Áður á dagskrá 16. apríl 1969.
21.10 **Í dauðans greipum .** (A Taste for Death). Þriðji þáttur. Breskur sakamálamyndaflokkur í sex þáttum eftir P. D. James. Aðalhlutverk Roy Marsden, Wendy Hiller, Simon Ward og Penny Downie. Þýðandi Kristrún Þórðardóttir.
22.05 **Stefnan til styrjaldar** (The Road to War) – Sjötti þáttur – Rússland. Breskur heimildamyndaflokkur í átta þáttum. Þýðandi Gylfi Pálsson.
23.00 **Ellefufréttir og dagskrárlok.**

STÖÐ 2

15.35 **Þegar mamma kemur!** Wait Till Your Mother Gets Home! Mynd þessi fjallar á gamansaman hátt um hlutverkaskiptingu kynjanna. Fullfrískur, fílefldur íþróttaþjálfari og heimilisfaðir neyðist til að taka að sér húsmóðurstörfin meðan eiginkonan fer út á vinnumarkaðinn. Aðalhlutverk: Paul Michael Glaser, Dee Wallace og Peggy McKay.
17.05 **Santa Barbara.**
17.50 **Elsku Hobo.** Hobo lendir í ótrúlegum ævintýrum.
18.15 **Veröld – sagan í sjónvarpi.** Stórbrotin þáttaröð sem byggist á Times Atlas-mannkynssögunni. Í þáttunum er rakin saga veraldar allt frá upphafi mannkynsins.
18.45 **Klemens og Klementína.** Leikin barna- og unglingamynd í þrettán hlutum. Fjórði hluti.
19.19 **19:19.** Fréttir og fréttaumfjöllun, íþróttir og veður ásamt fréttatengdum innslögum.
20.30 **Háskóli Íslands.** Í vetur verður mánaðarlega á dagskrá 15 mínútna þáttur um Háskóla Íslands. Hin viðamikla starfsemi, sem fram fer innan veggja æðstu menntastofnunar þjóðarinnar, verður kynnt og ítarlega fjallað um sérstakar deildir skólans.
20.50 **Visa-sport.** Íþróttaþáttur með svipmyndum frá víðri veröld. Umsjón Heimir Karlsson.
21.45 **Undir regnboganum.** Chasing Rainbows. Kanadískur framhaldsmyndaflokkur í sjö hlutum. Fjórði þáttur. Aðalhlutverk: Paul Gross, Michael Riley, Julie A. Stewart og Booth Savage.
23.25 **Hin Evrópa.** The Other Europe. Þetta er fyrsti hluti af sex í breskum heimildarmyndaflokki. Hinn hluti Evrópu eða Austur-Evrópa var hernumin af Rússum árið 1945 og er nú aðskilin frá Vestur-Evrópu með járntjaldinu svonefnda.
0.15 **Glæpahverfið.** Fort Apache, the Bronx. Paul Newman er í hlutverki harðsnúins lögreglumanns sem fer sínar eigin leiðir. Í umdæmi hans eru glæpir og vændi daglegt brauð. Aðalhlutverk: Paul Newman, Ed Asner, Ken Wahl og Danny Aiello.
2.20 **Dagskrárlok.**

Rás I
FM 92,4/93,5

6.45 **Veðurfregnir.** Bæn, séra Birgir Ásgeirsson flytur.
7.00 **Fréttir.**
7.03 **Í morgunsárið.**
9.00 **Fréttir.**
9.03 **Neytendapunktar.** Hollráð til kaupenda vöru og þjónustu og baráttan við kerfið. Umsjón: Björn S. Lárusson. (Einnig útvarpað kl. 15.45.)
9.20 **Morgunleikfimi með Halldóru Björnsdóttur.**
9.30 **Landpósturinn** – Frá Vestfjörðum. Umsjón: Finnbogi Hermannsson.
10.00 **Fréttir.**
10.10 **Veðurfregnir.**
10.30 **Ég man þá tíð.** Hermann Ragnar Stefánsson kynnir lög frá liðnum árum.
11.00 **Fréttir.**
11.03 **Samhljómur.** Umsjón: Óskar Ingólfsson. (Einnig útvarpað að loknum fréttum á miðnætti.)
11.53 **Á dagskrá.** Litið yfir dagskrá þriðjudagsins í Útvarpinu.
12.00 **Fréttayfirlit.** Tilkynningar.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar. Tónlist.
13.00 **Í dagsins önn** – Skólabærinn Akureyri, Verkmenntaskólinn. Umsjón: Ásdís Loftsdóttir. (Frá Akureyri)
13.30 **Setning Alþingis.** a. Guðsþjónusta í Dómkirkjunni. b. Þingsetning.
14.30 **Eftirlætislögin.**
15.00 **Fréttir.**
15.03 **Í fjarlægð.** Jónas Jónasson hittir að máli Íslendinga sem hafa búið lengi á Norðurlöndum, að þessu sinni Sigríði G. Wilhelmsen í Drammen. (Endurtekinn þáttur frá sunnudagsmorgni.)
15.45 **Neytendapunktar.** Umsjón: Björn S. Lárusson. (Endurtekinn þáttur frá morgni.)
16.00 **Fréttir.**
16.03 **Dagbókin.**
16.08 **Á dagskrá.**
16.15 **Veðurfregnir.**
16.20 **Barnaútvarpið mælir með...** Umsjón: Sigurlaug M. Jónasdóttir.
17.00 **Fréttir.**
17.03 **Tónlist á síðdegi** – Haydn og Bach.
18.00 **Fréttir.**
18.03 **Að utan.** Fréttaþáttur um erlend málefni. (Einnig útvarpað að loknum fréttum kl. 22.07.)
18.10 **Á vettvangi.** Umsjón: Páll Heiðar Jónsson og Bjarni Sigtryggsson. (Einnig útvarpað í næturútvarpinu kl. 4.40.)
18.30 **Tónlist.** Tilkynningar.
18.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.30 **Tilkynningar.**
19.32 **Kviksjá.** Þáttur um menningu og listir líðandi stundar.
20.00 **Litli barnatíminn:** Lítil saga um litla kisu eftir Loft Guðmundsson. Sigrún Björnsdóttir les (7).
20.15 **Tónskáldatími.** Guðmundur Emilsson kynnir íslenska samtímatónlist.
21.00 **Alexandertækni.** Umsjón: Sverrir Guðjónsson. (Endurtekinn þáttur úr þáttaröðinni Í dagsins önn frá 19. f.m.)
21.30 **Útvarpssagan:** Haust í Skírisskógi eftir Þorstein frá Hamri. Höfundur byrjar lesturinn.
22.00 **Fréttir.**
22.07 **Að utan.** Fréttaþáttur um erlend málefni. (Endurtekinn frá sama degi.)
22.15 **Veðurfregnir.** Orð kvöldsins. Dagskrá morgundagsins.
22.30 **Leikrit vikunnar:** Aldrei að víkja eftir Andrés Indriðason. Fjórði og lokaþáttur.
23.10 **Djassþáttur.** – Jón Múli Árnason. (Einnig útvarpað aðfaranótt mánudags að loknum fréttum kl. 2.00.)
24.00 **Fréttir.**
0.10 **Samhljómur.** Umsjón: Óskar Ingólfsson. (Endurtekinn frá morgni.)
1.00 **Veðurfregnir.**
1.10 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.**

RÁS 2 FM 90,1

7.03 **Morgunútvarpið.**
8.00 **Morgunfréttir.** – Bibba í málhreinsun og leiðarar dagblaðanna kl. 8.30
9.03 **Morgunsyrpa.**
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Umhverfis landið á áttatíu** með Gesti Einari Jónassyni. (Frá Akureyri)
14.03 **Hvað er að gerast?.** Lísa Pálsdóttir kynnir allt það helsta sem er að gerast í menningu, félagslífi og fjölmiðlum. Milli mála. Árni Magnússon leikur nýju lögin.
15.03 **Stóra spurningin.** Spurningakeppni vinnustaða, stjórnandi og dómari Flosi Eiríksson.
16.03 **Dagskrá.** Dægurmálaútvarp. Stefán Jón Hafstein, Guðrún Gunnarsdóttir, Sigurður Þór Salvarsson, Þorsteinn J. Vilhjálmsson og Sigurður G. Tómasson. – Kaffispjall og innlit upp úr kl. 16.00. – Stórmál dagsins á sjötta tímanum.
18.03 **Þjóðarsálin,** þjóðfundur í beinni útsendingu, sími 91-38 500.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.32 **Blítt og létt....** Gyða Dröfn Tryggvadóttir rabbar við sjómenn og leikur óskalög. (Einnig útvarpað kl. 3.00 næstu nótt á nýrri vakt.)
20.30 **Útvarp unga fólksins.** Við hljóðnemann er Jón Atli Jónasson og Sigrún Sigurðardóttir.
21.30 **Fræðsluvarp:** Enska. Fyrsti þáttur enskukennslunnar Í góðu lagi á vegum Málaskólans Mímis. (Einnig útvarpað nk. föstudagskvöld á sama tíma.)
22.07 **Rokk og nýbylgja.** Skúli Helgason kynnir. (Úrvali útvarpað aðfaranótt laugardags að loknum fréttum kl. 2.00.)
0.10 **Í háttinn.**
1.00 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.** Fréttir kl. 7.00, 7.30, 8.00, 8.30, 9.00, 10.00, 11.00, 12.00, 12.20, 14.00, 15.00, 16.00, 17.00, 18.00, 19.00, 22.00 og 24.00.

**NÆTURÚTVARP**

1.00 **Áfram Ísland.** Dægurlög flutt af íslenskum tónlistarmönnum.
2.00 **Fréttir.**
2.05 **Lögun.** Snorri Guðvarðarson blandar. (Frá Akureyri) (Endurtekinn þáttur frá fimmtudegi á Rás 1.)
3.00 **Blítt og létt....** Endurtekinn sjómannaþáttur Gyðu Drafnar Tryggvadóttur frá liðnu kvöldi.
4.00 **Fréttir.**
4.05 **Glefsur.** Úr dægurmálaútvarpi þriðjudagsins.
4.30 **Veðurfregnir.**
4.40 **Á vettvangi.** Umsjón: Páll Heiðar Jónsson og Bjarni Sigtryggsson. (Endurtekinn þáttur frá deginum áður á Rás 1.)
5.00 **Fréttir af veðri,** færð og flugsamgöngum.
5.01 **Bláar nótur.** Pétur Grétarsson kynnir djass og blús. (Endurtekið úrval frá mánudagskvöldi á Rás 2.)
6.00 **Fréttir af veðri,** færð og flugsamgöngum.
6.01 **Norrænir tónar.** Ný og gömul dægurlög frá Norðurlöndum.

RÁS 2 FM 90,1

Útvarp Norðurland kl. 8.10–8.30 og 18.03–19.00.

EFFEMM 95,7

7.00 **Hörður Arnarson.**
9.00 **Sigurður Gröndal og Richard Scobie.**
11.00 **Steingrímur Ólafsson.**
13.00 **Hörður Arnarson.**
15.00 **Sigurður Gröndal og Richard Scobie.**
17.00 **Steingrímur Ólafsson.**
19.00 **Anna Þorláks.**
22.00 **Þorsteinn Högni Gunnarsson.**
1.00– 7 **Páll Sævar Guðnason.**

ÚTRÁS
FM 104,8

16.00 **MH.**
18.00 **FB.**
20.00 **IR.**
22.00 **MS.**
1.00 **Dagskrárlok.**

FM 98,9 BYLGJAN

7.00 **Sigursteinn Másson og Haraldur Kristjánsson.** Fréttatengdur morgunþáttur með fréttum af veðri, umferð og flugi ásamt tónlist.
9.00 **Páll Þorsteinsson.** Páll kemur víða við í tónlistinni og er með ýmsar uppákomur ásamt leiknum Vinir og vandamenn.
12.00 **Valdís Gunnarsdóttir.** Rólegheit í hádeginni og brugðið á leiki eftir hádegi.
15.00 Bjarni Ólafur Guðmundsson. Tónlist sem öllum langar til að heyra.
19.00 **Snjólfur Teitsson. Þægileg tónlist í klukkustund.**
20.00 **Þorsteinn Ásgeirsson.** Íþróttadeildin kemur við sögu. Talmálsliðir og tónlist eru á sínum stað hjá **Dodda.**
22.00 **Bjarni Dagur Jónsson.** Undir fjögur augu nefnist þáttur Bjarna Dags. Verður hann á rólegu nótunum ásamt því að rabba um lífið og tilveruna.
24.00 **Næturvakt Bylgjunnar.** Fréttir á Bylgjunni kl. 8, 9, 10, 11, 12, 13, 14, 15, 16, 17 og 18.

Útvarp HAFNARFJÖRÐUR FM91.7

18.00–19.00 **Skólalíf.** Litið inn í skóla bæjarins og kennarar og nemendur teknir tali.

SKY One

4.30 **Viðskiptaþáttur.**
5.00 **The DJ Kat Show.** Barnaþáttur.
8.30 **Super Password.** Spurningaþáttur.
9.00 **The Sullivans.** Framhaldsþáttur.
9.30 **Sky by Day.** Fréttaþáttur.
10.30 **A Problem Shared.** Fræðsluþáttur.
11.00 **Another World.** Framhaldsflokkur.
11.55 **General Hospital.** Framhaldsflokkur.
12.50 **As the Worlds Turns.** Sápuópera.
13.45 **Loving.**
14.15 **Young Doctors** Framhaldsflokkur.
15.00 **Poppþáttur.**
16.00 **Sky Star Search.** Hæfileikakeppni.
17.00 **The New Price is Right.** Getraunaleikur.
17.30 **Sale of the Century.** Spurningaleikur.
18.00 **Veröld Frank Boughs.** Fræðslumyndaflokkur.
19.00 **Fjölbragðaglíma.** Wrestling í London.
21.00 **Jameson Tonight.** Rabbþáttur.
22.00 **Fréttir.**
22.30 **The Untouchables.** Spennumyndaflokkur.
23.30 **Popptónlist.**

SKY MOVIES

13.00 **Heidi.**
15.00 **Molly and the Lawless John.**
17.00 **The Peanut Butter Solution.**
19.00 **Turk 182.**
21.00 **Commando.**
22.45 **Raw Deal.**
00.30 **The Terminator.**
03.00 **Brazil.**

EUROSPORT

9.00 **International Motor Sports.** Fréttatengdur þáttur um kappakstur.
10.00 **Íshockey.** Leikur í atvinnumannadeildinni í Bandaríkjunum.
12.00 **Hnefaleikar.** Frægar keppnir.
13.00 **Eurosport – What a Week!** Litið á viðburði liðinnar viku.
14.00 **Tennis.** Keppni í Stuttgart.
16.00 **Hestur ársins.** Hestasýning í Englandi.
17.00 **Hjólreiðar.** Mílanó – Torino.
18.00 **Eurosport – What a Week!** Litið á viðburði liðinnar viku.
19.00 **Hestur ársins.** Hestasýning í Englandi.
20.00 **Golf.** The German Masters, leikið í Stuttgart. Svipmyndir frá mótinu.
21.00 **Tennis.** Keppni í Stuttgart.
23.00 **Rugby.** Ástralska deildin.

SUPER CHANNEL

14.30 **Chart Attack.** Tónlistarþáttur.
15.30 **On the Air.** Tónlist.
17.30 **The Rock of Europe.**Tónlist.
18.30 **Time Warp.** Gamlar klassískar vísindamyndir.
19.00 **Íþróttir.**
21.00 **Fréttir og veður.**
21.00 **Íþróttir.**
23.10 **Fréttir og veður.**
23.20 **The Mix** Konsertar, myndbönd o.fl.
00.20 **Time Warp.** Gamlar klassískar vísindamyndir.



**Skúli Helgason, umsjónarmaður þáttarins Rokk og nýbylgja.**

## Rás 2 kl. 22.07:

# Rokk og nýbylgja

Þáttur Skúla Helgasonar, Rokk og nýbylgja, færir sig um set í vetrardagskrá útvarps og verður framvegis á dagskrá á þriðjudagskvöldum.

Í þáttum þessum er kynnt plötuútgáfa hvers mánaðar og leikin lög af athyglisverðustu skífunum sem út koma hverju sinni. Auk þess verður reynt að hafa einhvers konar yfirlit yfir nokkrar merkustu rokkplötur þessa áratugar. -Pá

## Rás 2 kl. 15.03:

# Stóra spurningin

Rás 2 efnir til spurningakeppni vinnustaðanna í vetur. Stóra spurningin er á dagskrá kl. 15.03 alla virka daga. Þá mæta fulltrúar vinnustaða í hljóðstofu til að glíma við stóru spurninguna. Þeir verða í beinu símasambandi við vinnufélaga sína sem geta lagt þeim lið ef þörf krefur. Þetta verður spennandi keppni þar sem þekking og reynsla allra vinnufélaganna ræður úrslitum.

Dómari og spyrill er enginn annar en Flosi Eiríksson, sá sem gat sér mikinn orðstír í spurningakeppni framhaldsskólanna í vetur leið. Flosi er nú sestur hinum megin við borðið og spyr menn úr spjörunum.

Stóra spurningin verður kynnt klukkan 9.30 í Morgunsyrpu Evu Ásrúnar en í þættinum Milli mála verður keppt um réttinn til að svara henni.

Fulltrúar vinnustaða, sem hafa hug á að komast í undankeppnina, snúi sér til Árna Magnússonar á rás 2. -Pá



**Lady Barbara Berowne ásamt viðhaldinu sínu, Lampart lækni.**

## Sjónvarp kl. 21.10:

# Í dauðans greipum

Þriðji þátturinn af sex um leit Dalgliesh lögregluforingja að morðingja Sir Paul Berowne. Þegar rýnt er í bakgrunninn koma þræðir í ljós sem varpa grun á flesta fjölskyldumeðlimi. Þrátt fyrir fágaða framhlið virðist enginn vera með alveg hreint mjöl í pokahorninu.

Það er sem fyrr Roy Marsden sem fer með hlutverk lögreglumannsins og ljóðskáldsins Adam Dalgliesh. Hann hefur fengið nýjan aðstoðarmann, hina fögru og metnaðargjörnu Kate Miskin. Adam er ekki hrifinn af því að vinna með konum en sú skoðun á ef til vill eftir að breytast.

-Pá